# Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands 13. árg. 2004 1. tbl.

Nýr formaður Landgræðslusjóðs

Stjórn Skógræktarfélags Íslands á ferð um norðanverða Vestfirði

Árleg haustferð Skógræktarfélags Garðabæjar

Opinn skógur í Hrútey

Rausnarleg gjöf til Skógræktarfélags Selfoss

Samspil á milli skógarþekju og lífs í ám og vötnum

Uppstokkun hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur

Er hún Grýla gamla dauð?

Eyjólfsstaðaskógur


VISA

S P R O N

P L A T I N U M

# Fyrsta alþjóðlega Platinum debetkortið í heiminum

## Mikilvægir viðskiptavinir

SPRON PLATINUM þjónustan er ætluð traustum einstaklingum sem eiga að jafnaði 750.000 króna inneign hjá SPRON. Í SPRON PLATINUM færð þú betri ávöxtun á debetkortareikningi og getur nýtt þér fjölda þjónustuþátta án kostnaðar Ávinningurinn er umtalsverður.

- *Þinn eigin þjónustufulltrúi*
- *Vönduð fjármálaráðgjöf*
- *Frumkvæði í þjónustu*
- *Hagstæðir lánamöguleikar*
- *Listviðburðir*
- *Heimabanki*
- *Eignastýring á sérkjörum*
- *Innheimtuþjónusta*
- *150 fríar debetkortafærslur*
- *Sértilboð á líf- og sjúkdómatryggingu*
- *Ítarleg viðskiptayfirlit*
- *Hærri vextir á inneign*
- *Greiðsluþjónusta*
- *Platinum kreditkort**

**háð útlánareglum SPRON*

Hringdu í 550 1400 eða komdu í næsta útibú SPRON og upplifðu nýja hugsun í bankaþjónustu.

spron
SPARISJÓÐUR REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS

ABX / SÍA

# Nýr formaður Landgræðslusjóðs

Landgræðslusjóður var stofnaður fyrir atbeina landsnefndar lýðveldiskosninganna árið 1944 og forgöngu Skógræktarfélags Íslands, samtímis atkvæðagreiðslunni 20.-23. maí það ár, til minningar um stofnun lýðveldis á Íslandi. Samfara kosningunni fór fram fjársöfnun meðal almennings og fyrirtækja vegna stofnunar sjóðsins.

Landgræðslusjóður er sjálfseignarstofnun og starfar eftir lögum nr. 19/1988 og skipulagsskrá frá í desember 2001.

Tekjuöflun hefur verið breytileg eftir tímabilum en í grófum dráttum verið af vaxtatekjum, af gjöfum og styrktarmannakerfi, happdrættum, barmmerkjum, jólakortum og minningarspjöldum, af sölu jólatrjáa, ríkisframlagi (af vindlingafé árin 1955-1980) og tekjur af fasteignum.

***Landgræðslusjóður erfði bjarkarlaufin 3, merki lýðveldiskosninganna.***

Síðustu árin hafa orðið nokkrar breytingar á rekstri sjóðsins. Sjóðurinn hefur selt fasteignir, landspildu þá í Straumshrauni sunnan Hafnarfjarðar, sem Hákon Bjarnason gaf sjóðnum árið 1967, og fasteignir sjóðsins í Fossvogi og jafnframt hætt beinum atvinnurekstri. Frá árinu 2002 eru tekjur sjóðsins fyrst og fremst vaxtatekjur.

Starfsemi Landgræðslusjóðs felst nú í eignaumsýslu og úthlutun á styrkjum til annara. Fyrst og fremst er þar um að ræða styrki til skógræktarfélaga, einkum til grisjunar sem hefur orðið æ brýnna verkefni á síðari árum. Einnig hefur opnun skóga verið styrkt, þ.e. stígagerð o.þ.h. og skipulagsvinna vegna nýskógræktar o.fl.

S.l. haust var nýr formaður sjóðsins skipaður. Hann heitir Guðbrandur Brynjúlfsson og er fæddur 30. apríl 1948 á Hrafnkellsstöðum á Mýrum. Hann lauk BS prófi í búfræði frá landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri vorið 1971 og tók við búi á Brúarlandi á Mýrum árið 1973.

Guðbrandur segir að áhugi hans á skógrækt hafi kviknað snemma. Hann megi rekja til þess að árið 1958 hóf móðir Guðbrands trjárækt við Brúarland, þar sem nú er fallegur skógarreitur og heimilisgarður. Guðbrandur, ásamt systkinum sínum, lagði þar hönd á plóg og liðsinnti móður sinni.

***Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður Landgræðslusjóðs.***

Á áttunda áratugnum gekk Guðbrandur í Skógræktarfélag Borgarfjarðar, var kosinn í stjórn 1989 og hefur gegnt störfum gjaldkera síðan. Guðbrandur var kosinn í stjórn Skógræktarfélags Íslands á aðalfundinum í Reykholti árið 2002.

Skógræktarfélag Íslands óskar nýjum formanni velfarnaðar í starfi. Þá færir félagið sjóðnum þakkir fyrir stuðning liðinna ára og áratuga og hamingjuóskir með 60 ára afmælið í vor.

Helstu upplýsingar um sjóðinn, skipulagsskrá, reglur um úthlutun styrkja og umsóknareyðublöð eru aðgengileg á skog.is.


## *Laufblaðið*

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands,
13. árgangur, 1. tölublað 2004.
Gefið út í 7000 eintökum.

Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélögunum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18, 101 Reykjavík, sími: 551-8150, heimasíða: www. skog.is, netfang: skog@skog.is
Ritstjórar: Einar Gunnarsson og Jóhann Frímann Gunnarsson.
Ábyrgðarmaður: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri, netfang: bj@skog.is
Texti og myndir: ofangreindir (nema annað sé tekið fram).
Hönnun og umbrot: Leó Geir Torfason.
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2003: Magnús Jóhannesson formaður, Magnús Gunnarsson varaformaður, Sigríður Jóhannsdóttir gjaldkeri, Þorvaldur S. Þorvaldsson ritari.
Meðstjórnendur: Guðbrandur Brynjúlfsson, Ólafía Jakobsdóttir, Þuríður Yngvadóttir.
Varamenn: Hólmfríður Finnbogadóttir, Vilhjálmur Lúðvíksson, Laufey Haraldsdóttir.


## *Félagsskírteini skógræktarfélaganna*

Allir félagsmenn í skógræktarfélögunum fá félagsskírteini sem veitir ágætan afslátt hjá nokkrum fyrirtækjum. Hafið samband við viðkomandi formann til að fá nánari upplýsingar.

***Það borgar sig að vera félagi í skógræktarfélagi – hvetjum sem flesta til að ganga í skógræktarfélag.***

**Eftirtalin fyrirtæki veita félögum afslátt með framvísun skírteinisins árið 2004. Félagar eru hvattir til að versla þar.**

| | |
|---|---|
| ***Barri hf., Egilsstöðum*** | ***15%*** |
| ***Blómaval*** | ***10%*** |
| ***Bræðurnir Ormsson*** | ***5-15%*** |
| ***Ellingsen*** | ***10%*** |
| ***Frjó*** | ***10%*** |
| ***Garðheimar*** | ***10%*** |
| ***Gróðrarstöðin Kjarni, Akureyri*** | ***15%*** |
| ***Gróðrarstöðin Selið, Hafnarfirði*** | ***15%*** |
| ***Húsasmiðjan*** | ***12%*** |
| ***Nátthagi, Ölfusi*** | ***10%*** |

## Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands

ALCAN

KB BANKI

BRÆÐURNIR ORMSSON
Lágmúla 8 • Sími 530 2800

TOYOTA

HÚSASMIÐJAN
www.husa.is

olís
OLÍUVERZLUN ÍSLANDS HF

Tæknival

POKASJÓÐUR

# Stjórn Skógræktarfélags Íslands á ferð um norðanverða Vestfirði s.l. sumar

**Stjórn Skógræktarfélags Íslands hefur farið af og til í vettvangsferðir um landið, í þeim tilgangi að kynna sér starf aðildarfélaganna. Síðast fór stjórnin, í byrjun ágústmánaðar s.l., í heimsókn til 5 skógræktarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum. Þá var haldið í Jökulsfirði þar sem eignarland félagsins var skoðað, nánar tiltekið jörðin Kvíar.**

**Móttökur þar vestra voru hinar höfðinglegustu. Félögin og stjórnir höfðu veg og vanda að skipulagi en auk þess að kynna sér starfsvettvang og ræktunarsvæði gafst einnig tími til þess að ræða við forsvarsmenn sveitarfélaga.**

Meðfylgjandi myndir og textar gefa nokkra innsýn í það sem félögin eru að vinna að hvert á sínu svæði.

2

1

## *Skógræktarfélag Ísafjarðar*

Stjórnarmenn í Skógræktarfélagi Ísafjarðar tóku á móti hópnum í Tunguskógi en þar stóðu yfir framkvæmdir vegna Opins skógar. Svæðið verður opnað 24. júlí á þessu ári en þetta er umfangsmikið samstarfsverkefni Olís, Alcan á Íslandi og skógræktarfélaganna *(mynd 1)*. Þá var Simsongarðurinn skoðaður en þar hefur farið fram mikið endurnýjunarstarf eftir snjóflóð sem fór yfir og tók garðinn 1994. Fyrri blómi og staðarprýði er smám saman að koma betur og betur í ljós. Þetta hefur ekki verið áhlaupaverk enda garðurinn rústir einar eftir hamfarirnar. Skammt frá Simsongarði er annar unaðsreitur, þar sem ein af forystukonum í stjórninni, Ruth Tryggvason, bauð gestum upp á kaffi og besta meðlæti *(mynd 2)*.

Undanfarin ár hefur aðaláhersla félagsins verið á gróðursetningu í hlíðar ofan byggðar á Ísafirði. Verið er að tengja eldri reiti í samfellt skógarbelti sem getur orðið útivistarskógur og skjólgjafi með tímanum. Árangur þessa starfs er að verða sýnilegri með hverju árinu sem líður.

Samfelldur skógur frá Stóruurð og inn í Tungudal, sem tengdur verður með göngustíg, er ekki svo fjarlægur draumur lengur. Ekki var hjá því

3

komist að formaður Skógræktarfélags Íslands, heimamaðurinn Magnús Jóhannesson og bæjarstjórinn Halldór Halldórsson, stilltu sér upp við skjólbelti sem Magnús vann við að gróðursetja á sínum sokkabandsárum *(mynd 3)*.

4

5

## *Skógræktarfélag Bolungarvíkur*

Skógræktarfélag Bolungarvíkur hefur á undanförnum árum einbeitt sér að opnum svæðum í bænum og unnið í samvinnu við bæjarfélagið að því að koma upp fallegum lundum og trjábeltum.

En fyrst var komið við á Hanhóli þar sem við tókum hús á formanni félagsins, frú Stellu Gissurardóttur *(mynd 4)*. Þá voru skoðuð eldri og yngri ræktunarsvæði í Bolungarvík *(mynd 5)* og í för okkar slóst bæjarstjórinn Einar Pétursson.

## *Skógræktarfélag Súgandafjarðar*

Skógræktarfélag Súgandafjarðar er yngsta félagið á Vestfjörðum. Þar var áður fyrr deild í Sk. V-Ísafjarðarsýslu en fyrir 5-6 árum var stofnað þar sjálfstætt félag sem hefur tekið upp þráðinn. Fyrst og fremst hefur félagið

einbeitt sér að því að halda áfram og bæta við þar sem frá var horfið *(mynd 6)*. Arnar Guðmundsson form. félagsins sagði frá starfsemi félagsins *(*Arnar t.h. – *mynd 7)*.

## *Skógræktarfélag Önundarfjarðar.*

Að þessu sinni var komið við á Flateyri *(mynd 8)* í fylgd formanns félagsins, Jóns F. Jónssonar á Þórustöðum. Farið var í Klofningsreit skammt utan Flateyrar *(mynd 9)*.

Þar hefur sitkagreni vaxið ár frá ári þrátt fyrir töluverð skakkaföll af snjóþyngslum. Reiturinn hefur verið grisjaður nokkuð undanfarin ár. Hugmyndin er að tengja reitinn með gróðursetningu við þá skógrækt sem hafin var fyrir gerð varnargarða á Flateyri.

## *Skógræktarfélag Dýrafjarðar*

Fyrsti viðkomustaður var Botnsreitur, innst í Dýrafirði. Þar tóku á móti okkur systkinin Sigrún og Guðmundur Grétar Guðmundarbörn, frá Kirkjubóli, ásamt þjóðsagnamanninum Elís Kjaran, fyrrverandi bónda á Kjaranstöðum, sem þekkir hér hverja þúfu *(mynd 10)*. Botnsskógurinn varð til á tímum Skógræktarfélags V-Ísafjarðarsýslu. Var Botnsreiturinn hugsaður sem nokkurs konar sameiginlegt svæði félagsins en athafnasvæðið náði allt til Súgandafjarðar sem áður getur. Hér er stórkostleg náttúra. Gamla Gláma fyrir botni fjarðarins og snarbrött fjöll á báða bóga. Tegundir eins og sitkagreni, rauðgreni, stafafura, bergfura og skógarfura eru smám saman að vaxa frá birkikjarrinu. Birkinu virðist jafnframt vaxa töluvert ásmegin þegar það nýtur skjóls af barrviðum þó að víðast sé það undir sömu sök selt eins og víðast hvar á Vestfjörðum, sjaldan hærra en nemur augnhæð.

Síðasta svæðið, sem við heimsóttum, var Landgræðsluskógarsvæði þeirra Dýrfirðinga á Söndum, fyrrum kirkjujörð og höfuðból. Hér var hafist handa af miklum krafti árið 1990 og er árangurinn víða glæsilegur.

Þarna kom til liðs við hópinn Sæmundur Þorvaldsson, formaður félagsins.
*(*Séð út eftir Sandasvæðinu og út Dýrafjörð. Sæmundur í miðju – *mynd 11)*.

# Árleg haustferð Skógræktarfélags Garðabæjar 2003

*Margrét í Dalsmynni var kvödd með plöntugjöf, í þakklætisskyni fyrir hlýlegar móttökur.*

Félagið bauð félagsmönnum í dagsferð, laugardaginn 6. sept. sl., um Snæfellsnes.

Margrét Guðjónsdóttir í Dalsmynni var heimsótt og skoðuð skógrækt hennar ofan við bæinn. Margrét var kát að vanda og tók vel á móti gestunum.

Þá voru skógarreitir Skógræktarfélags Stykkishólms skoðaðir undir leiðsögn Trausta Tryggvasonar formanns. Hann bauð hópnum upp á kaffi með heimabökuðu meðlæti. Skipst var á skoðunum og fræðst um starfsemi félaganna beggja.

Í Gróðrarstöðinni Gleym-mér-ei í Borgarnesi sýndi Sædís Guðlaugsdóttir fjölbreytt úrval trjáa og fjölærra blóma.

Haustferðir félagsins hafa verið vinsælar af félagsmönnum og þátttaka góð, en þetta var í sjötta sinn sem efnt er til slíkrar ferðar.

*Erla Bil Bjarnardóttir, formaður.*

***Skógræktarfélagar hlusta á Trausta Tryggvason, formann Skógræktarfélags Stykkishólms, með athygli er skógarreitir þeirra voru skoðaðir.***

***Komið að ferðarlokum. Skógræktarfélagar í Stykkishólmi kvaddir undir hlíðum Drápuhlíðarfjalls.***

# Fuglatalning á skógræktarsvæðum í Garðabæ

Skógræktarfélags Garðabæjar fékk nýverið afhenta skýrslu um „Þéttleika mófugla í landi Skógræktarfélags Garðabæjar á Smalaholti og í Sandahlíð sumarið 2003“. Skýrslan er unnin af Jóhanni Óla Hilmarssyni, formanni Fuglaverndar (Fuglaverndarfélags Íslands) og Ólafi Einarsson fuglafræðingi og framkvæmdastjóra Fuglaverndar.

Vegna umræðu um að mófuglar forðist skóglendi, vill Skógræktarfélagið leggja sitt að mörkum til að afla nauðsynlegra upplýsinga. Með samstarfi við Fuglavernd, sem Skógræktarfélag Garðabæjar fór formlega fram á þann 30.1. 2002, hefur tekist samstarf sem við teljum einstakt. Það hefur lítið sem ekkert verið gert af því að kanna breytingar á fuglalífi í vaxandi skógi, þannig að þetta er brautryðjendastarf. Gert er ráð fyrir að fylgja þessari fuglavöktun eftir, á fyrrgreindum svæðum, með talningu á nokkurra ára fresti.

Skógræktarfélag Garðabæjar telur að allar upplýsingar um umhverfið nýtist til fræðslu og upplýsingar fyrir almenning og í grunnskólum.

*Erla Bil Bjarnardóttir formaður.*
*Mynd: Jóhann Óli Hilmarsson.*

Laufblaðið bendir einnig á SKÓGVIST, samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skógræktar ríkisins og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Um það má lesa á www.skogur.is. Þá hafa fuglafræðingar lengi fylgst með fuglalífi Heiðmerkur í góðu samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur.

Sparisjóður Mýrasýslu
MBF
SORPSTÖÐ SUÐURLANDS
SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS
Landgræðslan
FERÐASKRIFSTOFA ÍSLANDS RÁÐSTEFNUR
LÝSING
FÍ FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

# Hólaskógur

Skóg- og trjárækt á hinum merka stað, Hólum í Hjaltadal, getur brátt fagnað aldar afmæli. Árið 1905 stóð Ræktunarfélag Norðurlands fyrir því að stofna til gróðrarstöðvar á Hólum. Árið 1910 tók Bændaskólinn yfir starfsemina og um svipað leyti voru gerðir tveir skrúðgarðar við skólahúsið. Þar getur enn að líta fagrar bjarkir og reyniviði. Árið 1951 verða þau tímamót að Skógræktarfélag Skagfirðinga tekur upp deildaskiptingu og urðu til sérstakar deildir í flestum hreppum Skagafjarðar. Hjaltadalsdeild var úthlutað landi ofan við Hólastað og var þegar hafist handa við að gera ráðstafanir til friðunar fyrir búfé. Árið 1955 var fyrst gróðursett í svæðið en lokið var við að girða 25 ha. árið 1957. Síðan hafa girðingar verið stækkaðar í nokkrum áföngum og skógræktarsvæðin eru nú um 160 ha. að flatarmáli. Ræktun Hólaskógar hefur frá upphafi verið samstarfsverkefni Hólaskóla og Skógræktarfélags Skagfirðinga. Árið 2005 verður aldarafmæli trjáræktar og hálfrar aldar afmæli skógræktar á Hólum og því tilefni til að minnast þess með einhverjum hætti.

*„Ríðum heim til Hóla“. Unnið er að skipulagi Hólaskógar. M.a. á að skipuleggja reiðgötur, skíðabrautir og fjölga og bæta göngustíga um skóginn.*

Tilvist skógarins hefur lengi verið ein að meginstoðum ferðamennsku á Hólum og tjaldsvæðin í skóginum vinsæl. Til stendur að útbúa svæði fyrir húsbíla og tjaldvagna skammt ofan Grunnskólans á Hólum. Á Hólum er rekin öflug ferðamálabraut og fá nemendur þar góða innsýn í útivistargildi og möguleika skógarins.

Með nýju skipulagi að Hólaskógi er ætlunin að opna skóginn enn frekar, m.a. með lagningu reiðbrauta, gönguskíðabrautar, þéttara neti göngustíga og gerð áningarstaða.

Víst er að góður útivistaskógur verður enn betri í framtíðinni.

*Þegar rutt var fyrir væntanlegum göngustíg og gönguskíðabraut í Hólaskógi s.l. sumar, fannst þessi myndarlega ösp sem líklega er hæsta tré Hólaskógar. Við hlið asparinnar voru einnig krónumikil lerkitré með mikinn karakter.*

*Hólar tóku vel á móti skógarmönnum á Aðalfundi Skógræktarfélags Íslands s.l. sumar. Aðalsteinn Sigurgeirsson forstöðumaður skógarrannsókna með Geir son sinn á háhesti. Með þeim feðgum eru fyrrverandi og núverandi skógræktarstjórar, Sigurður Blöndal og Jón Loftson.*

Undanfarin ár hefur grisjunarflokkur Skógræktarfélags Íslands grisjað talsvert í Hólaskógi. S.l. sumar var skógurinn kortlagður og skipulag að skóginum er í vinnslu.

Nýverið kom ný og ljómandi skýr loftmynd í hús og auðveldar hún alla vinnu við skipulagningu. Vinna þessi hefur að verulegu leyti verið kostuð af Landgræðslusjóði, en Hólaskóli hefur séð um uppihald og margs konar aðstoð við starfsmenn Skógræktarfélagsins.

*Loftmynd af Hólastað og „gamla“ skóginum. Myndir af þessum gæðum eru ómetanleg hjálpargögn við skipulag skóglenda. Loftmyndir ehf., sem sérhæfa sig í töku lofmynda, tóku þessa mynd af Hólum í Hjaltadal 8. sept. 2003 kl.14.05. Myndin er tekin í 1400 metrar hæð. Í fullri upplausn þolir hún verulega stækkun, þannig að nánast má greina hvert tré. S.l. sumar fengu Loftmyndir nýja myndavél sem tekur skarpari myndir en áður hafa þekkst hér á landi.*

# Skógrækt er landbúnaður

## Landbúnaðarráðuneytið er fagráðuneyti skógræktar

Meginhlutverk Landbúnaðarráðuneytisins er að stuðla að þróttmiklum og sjálfbærum landbúnaði og öflugri matvælaframleiðslu til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.

Viðamikil skógræktarverkefni eru skipulögð í öllum landshlutum. Markmið þeirra er meðal annars að klæða landið skógi, framleiða timbur og skapa atvinnu.

Í landinu er stunduð margs konar skógrækt af bændum, áhugamannafélögum, fyrirtækjum og einstaklingum. Landbúnaðarráðuneytið stuðlar að framgangi þeirra verkefna auk þess sem það vinnur að vernd gróðurhulunnar og uppgræðslu foksvæða.

Skógurinn er auðlind sem mun kalla á ný störf á landsbyggðinni og stuðla að fegurri sveitum.

**Landbúnaðarráðuneytið**

# OPINN SKÓGUR Í HRÚTEY

**Laugardaginn 23. ágúst 2003, var boðið til athafnar í Hrútey í Blöndu við Blönduóskaupstað. Tilefnið var það að í Hrútey er nú „Opinn skógur“.**

„Opinn skógur“ er samvinnuverkefni skógræktarfélaganna og Olís og Alcan á Íslandi og hefur það að markmiði að bæta aðgengi og aðstöðu í skógum skógræktarfélaganna um land allt.

Um 200 manns komu til athafnarinnar. Ljúf harmónikutónlist heilsaði gestum.

Til máls tóku: Páll Ingþór, formaður Skógræktarfélags Austur-Húnvetninga, fulltrúar Alcan á Íslandi, Olís og Skógræktarfélags Íslands. Bæjarstjóri Blönduósbæjar afhenti fulltrúum verkefnisins viðurkenningar. Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og fulltrúar verkefnisins klipptu á borða.

Jón Ísberg, fyrrverandi sýslumaður, sem fyrstur gróðursetti í eyjuna fyrir 61 ári ásamt hópi skáta, gróðursetti eitt tré með aðstoð ungra skáta frá Blönduósi. Þá var Jón Ísberg heiðraður fyrir framlag sitt til skógræktar.

Gestir gengu um eyjuna. Búið er að leggja nýja göngustíga og koma fyrir borðum og bekkjum og merkingum, sem lýsa trjátegundum, örnefnum og sögu. Glaðbeittir skátar kvöddu gesti eftir ánægjulega heimsókn.

Nánari upplýsingar um Opinn skóg á www.skog.is.

# Rausnarleg gjöf til Skógræktarfélags Selfoss

Skógræktarfélagi Selfoss, sem er innan vébanda Skógræktarfélags Árnesinga, var á dögunum tilkynnt um höfðinglega gjöf.

Velgjörðamaður félagsins til margra ára, Júlíus J. Steingrímsson, sem lést þann 9. nóv. s.l., hafði ánafnað Skógræktarfélagi Selfoss eignum að verðmæti tæplega 20 milljónir króna. Þá hafði Júlíus fyrir nokkrum árum fært félaginu að gjöf um eina milljón króna.

Ljóst er að þessi stóra gjöf Júlíusar til félagsins mun algjörlega breyta rekstrarumhverfi þess um ókomna framtíð og skapa skilyrði fyrir stórauknu starfi.

Félagið naut krafta og velgjörða Júlíusar um árabil, sérstaklega við uppbyggingu á svæði félagsins í Hellisskógi við Selfoss. Júlíus var hugsjónamaður og mikill áhugamaður um trjárækt. Á ferðum sínum til Rússlands sótti hann m.a. efnivið sem hann prófaði hér heima og miðlaði gjarnan af reynslu sinni og þekkingu. Auk þess að taka virkan þátt í hinu almenna ræktunar- og uppbyggingarstarfi skógræktarfélagsins, ræktaði hann upp á svæðinu trjálund með ýmsum trjátegundum og gróskumikinn garð við heimili sitt Lyngheiði 10 á Selfossi.

Skógræktarfélag Selfoss kann Júlíusi innilegustu þakkir fyrir ötult og óeigingjarnt starf og stuðning við félagið. Gjöf hans mun verða félaginu máttarstólpi um ókomna tíð og minning hans mun lifa í skóginum í Hellismýri".

Skógræktarfélag Selfoss fyrirhugar að gróðursetja um 10.000 plöntur í Hellisskóg í sumar og hefur verið samið við sveitarfélagið Árborg um að Vinnuskólinn sjái um gróðursetningu á um 2/3 hluta þess fjölda. Einnig er gert ráð fyrir því að 10. bekkingar Vallarskóla á Selfossi gróðursetji um 500 plöntur. Í sumar eru síðan ráðgerð tvö almenn vinnukvöld félagsmanna við gróðursetningu og viðhald á svæðinu.

Í vetur fór fram útboð um gerð akfærra stíga á svæðinu og var samið við lægstbjóðanda um lagningu 100 m langs stígs í vetur og vonandi verður þar framhald á komandi árum.

Þessa dagana er verið að auglýsa deiliskipulag af svæðinu, en fyrir utan afmörkun gróðursetningasvæða, er þar gert ráð fyrir verulegri stígagerð, nýjum aðkomuleiðum, þjónustubyggingum og framræsingu lands með gerð lækja og tjarna.

*Myndir Örn Óskarsson: Frá Hellisskógi.*

## EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKTU ÚTGÁFU BLAÐSINS

**Reykjavík**
Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
Björgun ehf, Sævarhöfða 33
Björn Traustason ehf, Vogalandi 1
Dagvist barna, Hafnarhúsinu
Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
Félag íslenskra hljómlistarmanna,
Feró ehf, Steinaseli 6
Gesthús Dúna, Suðurhlíð 35d
Guðmundur Jónasson hf
Hjá Hrafnhildi, Engjavegi 5
Hugver ehf, Vitastíg 12
Kjörgarður, Laugarvegi 59
Landslag ehf, Þingholtsstræti 27
Landslög ehf, Tryggvagötu 11
Lindin, kristið útvarp FM 102,9
Morgunblaðið
Námsflokkar Reykjavíkur
Ottó B. Arnar ehf, Ármúla 29
Rafteikning hf, Borgartúni 17
Reykjavíkurhöfn, Hafnarhúsinu
Ríkisendurskoðun, Skúlagötu 57
RST Net ehf, Smiðshöfða 6
Samiðn, Borgartúni 30
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Smith og Norland hf, Nóatúni 4
Umhverfis- og heilbrigðisstofa Rvíkur
Veitingahúsið Perlan ehf, Öskjuhlíð
Vélstjórafélag Íslands, Borgartúni 18
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20

**Seltjarnarnes**
Seltjarnarneskaupstaður

**Kópavogur**
Byggðaþjónustan ehf, Auðbrekku 22
Eggja- og kjúklingabúið, Elliðahvammi
Stanislas Bohic garðarkitekt
Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar
Verkfræðistofan Hamraborg

**Keflavík**
Fasteignasalan Ásberg ehf
Sparisjóðurinn í Keflavík
Verslunarmannafélag Suðurnesja,

**Garður**
Sveitarfélagið Garður

**Njarðvík**
Hitaveita Suðurnesja

**Mosfellsbær**
Mottó ehf, Flugumýri 24

**Akranes**
Haraldur Böðvarsson hf, útgerð
Innri-Akraneshreppur, Heynes II
Magnús H Ólafsson arkitekt
Skilmannahreppur

**Borgarnes**
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri
Skorradalshreppur

**Reykholt**
Garðyrkjustöðin Varmalandi

**Króksfjarðarnes**
Reykhólahreppur

**Ísafjörður**
Ísafjarðarbær
Garðplöntustöð Ásthildar ehf

**Bolungarvík**
Sparisjóður Bolungarvíkur

**Patreksfjörður**
Skógræktarfélag Patreksfjarðar

**Tálknafjörður**
Eik hf, trésmiðja, Strandgötu 37
Tálknafjarðarhreppur, Miðtúni 1

**Hólmavík**
Búnaðarbanki Íslands, Hafnarbraut 25

**Hvammstangi**
Skrúðvangur ehf, Gilsbakka 5

**Skagaströnd**
Höfðahreppur, Túnbraut 1-3

**Sauðárkrókur**
Friðrik Jónsson ehf, Borgarröst 8
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1

**Siglufjörður**
Siglufjarðarkaupstaður

**Akureyri**
Akureyrarkaupstaður
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Teiknistofan H Á, Furuvöllum 13
Verkfræðistofan Raftákn hf

**Grímsey**
Grímseyjarhreppur

**Dalvík**
Daltré ehf, Grundargötu 9

**Húsavík**
Garðyrkjustjóri Húsavíkur
Knarrareyri ehf, Garðarsbraut 18a
Langanes hf, útgerð, Skólagarði 6

**Laugar**
Ferðaþjónustan Narfastöðum ehf
Þingeyjarsveit, Kjarna

**Þórshöfn**
Þórshafnarhreppur

**Egilsstaðir**
Barri hf, Kaupvangi 19
Bókasafn Héraðsbúa, Tjarnarbraut 19
Ferðaskrifstofa Austurlands
Héraðsskjalasafn Austfirðinga

# Samspil á milli skógarþekju og lífs í ám og vötnum

*Ráðstefnugestir teygja úr sér og taka lagið.*

Í einu mesta norðan áhlaupi, sem gengið hefur yfir landið hin síðari ár, 15. og 16. janúar sl., þjöppuðu sérfræðingar og áhugamenn um skógrækt og náttúrufræði sér saman, að Laugum í Sælingsdal, til ráðstefnu um „Samspil á milli skógarþekju og lífs í ám og vötnum“. Milli 70 og 80 manns sóttu ráðstefnuna. Að ráðstefnunni stóðu, Vesturlandsskógar, Félag skógarbænda á Vesturlandi, Skógrækt ríkisins, Veiðimálastofnun og Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri.

Margir af okkar helstu vísindamönnum, á sviði jarðvatnsfræða, vatnalífræði og skógarvísinda, fluttu erindi sem snertu þetta mikilvæga mál. Einnig voru tveir erlendir fyrirlesarar, þau Eva Ritter þýskur doktorsnemi í jarðefnafræði frá Danmörku og Colin Bean ráðgjafi hjá Skoska Náttúruverndarsjóðnum.

***Sigurður Guðjónsson, fiskifræðingur og framkvæmdastjóri Veiðimálastofnunar, flutti fróðlegt erindi á ráðstefnunni.***

Eva Ritter fjallaði um „Líf-jarðefnafræði og vatnsgæði skógarvistkerfa Norður-Evrópu“.

Freysteinn Sigurðsson, jarðfræðingur hjá Orkustofnun, flutti erindið „Grunnvatn, skógur og gæði vatns“. Sigurður Reynir Gíslason, jarðefnafræðingur hjá Raunvísindastofnun H.Í., fjallaði um *„Snefilefni og grunnframleiðni í íslenskum vötnum“.*

Kristinn Einarsson, vatnafræðingur hjá Orkustofnun, fjallaði um *„Áhrif gróðurs á hringrás vatnsins“.* Gísli Már Gíslason, prófessor í vatnalífræði við Líffræðistofnun H.Í., flutti erindið *„Dýrasamfélög í ám og lækjum með tilliti til gróðurs og skógarþekju á vatnasviðinu“.*

Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá, fjallaði um *„Stöðu, strauma og horfur í skógvæðingu Íslands“.*

Sigurður Guðjónsson, fiskifræðingur á Veiðimálastofnun, flutti erindi sem hann kallaði: *„Skógarþekja og fiskframleiðsla í ám“.*

Stefán Óli Steingrímsson fiskavistfræðingur fjallaði um *„Hugsanleg áhrif skóga á atferli og stofnvistfræði laxfiska í straumvatni“.*

Bjarni Diðrik Sigurðsson, skógvistfræðingur á Mógilsá, nefndi erindi sitt: *„Vatnið og skógurinn. Niðurstöður mælinga á íslenskum skógræktarsvæðum“.*

Arnór Snorrason flutti tvö erindi: *„Íslensk skógarúttekt - vöktun á eðli og útbreiðslu íslenskra skóga“* og *„Skógrækt í sátt við umhverfið“- leiðbeiningar um skógrækt og vatnsvernd, sem unnar eru á vegum starfshóps sem stjórn Skógræktarfélags Íslands skipaði.*

Á eftir voru pallborðsumræður, fyrirspurnir og umræður

Um samantekt sáu þeir Torfi Jóhannesson, frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og Guðmundur Halldórsson, skordýrafræðingur á Mógilsá.

Segja má að niðurstaða ráðstefnunnar kristallist í orðum Freysteins Sigurðssonar; *„að grunnvatn væri ein af megin auðlindum okkar Íslendinga. Öflug gróðurþekja væri ein af grunnforsendum góðrar vatnsverndar. Skógur, umfram önnur gróðursamfélög, jafni rennsli, dragi úr flóðum og gruggi og tefji för yfirborðsvatns í grunnvatn. Þar af leiðandi og einnig vegna þess að skógurinn tekur upp hverskyns næringarefni skili hann hreinna vatni sem trúlega verði efnaríkara“.* Með aukinni ákomu lífrænna efna skapist hagstæð fæðuskilyrði fyrir fiska.

Þá kom fram að nokkuð skorti á þekkingu á áhrifum skógræktar á vatnsbúskap hér á landi.

***Haldið heim af velheppnaðri ráðstefnu. Colin Bean og Aðalsteinn Sigurgeirsson ánægðir með dvölina og hríðarkófið á Laugum.***

Frekari þekkingarleit og gagnkvæm miðlun upplýsinga væri augljóslega til hagsbóta. Því væri ákjósanlegt að byggja áfram á því samstarfi og þekkingu sem ráðstefnan hefði skilað.

Hægt er að nálgast flest erindi ráðstefnunnar á heimasíðu Skógræktar ríkisins: www.skogur.is


Hitaveita Egilsstaða og Fella
Skógræktarfélag Austurlands
Verkfræðistofa Austurlands ehf
**Mjóifjörður**
Mjóafjarðarhreppur
**Neskaupstaður**
Tónspil, Hafnarbraut 17
**Selfoss**
Búnaðarsamband Suðurlands
Lögmenn Árborg / Vestmannaeyjum
Selfossveitur, Austurvegi 67
**Hveragerði**
Eldhestar ehf, Völlum
Garðyrkjustöð Ingibjargar
**Þorlákshöfn**
Garpar ehf, Reykjakoti 2
Jarðefnaiðnaður ehf, Nesbraut 1
**Laugarvatn**
Gróðrarstöðin Laugarströnd
Verslunin H Sel, Dalbraut 8
**Flúðir**
Ferðaþjónustan Syðra- Langholti
Flúðafiskur, Borgarási
Gróðrastöðin Hvammi II
**Hella**
Verkalýðsfélag Suðurlands
**Hvolsvöllur**
Krappi ehf, Ormsvöllum 5
**Kirkjubæjarklaustur**
Kirkjubæjarskóli, Klausturvegi 4
**Vestmannaeyjar**
Lögmenn Vestmannaeyjum ehf.

Áburðarverksmiðjan hf.
Sími 580 3200 www.aburdur.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

# Uppstokkun hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur

Miklar skipulagsbreytingar hafa orðið hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur á síðasta ári og í kjölfarið tóku þrír nýir starfsmenn til starfa. Helgi Gíslason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Héraðsskóga, var ráðinn framkvæmdastjóri félagsins, Herdís Friðriksdóttir kynningar- og fræðslustjóri og Ólafur Erling Ólafsson skógarvörður. Fyrir voru þeir Gunnar Kristjánsson og Einar Óskarsson, skógarmenn í Heiðmörk.

## Þekking vinnur þrautir allar

Þau Helgi, Herdís og Ólafur eru öll skógfræðingar að mennt. Helgi hlaut sína menntun frá Landbruks Universitet í Vernamo í Svíþjóð og útskrifaðist árið 1989. Herdís nam bæði í Noregi og Danmörku og útskrifaðist frá Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn árið 2001. Ólafur lauk sínu námi árið 2000 frá Yrkeshögskolan Sydväst í Finnlandi.

## Aðsetur nær kjarna starfseminnar

Til að undirstrika breytingarnar innan félagsins og til að flytja starfsemina nær Heiðmörk, var skrifstofa félagsins flutt í gamla Elliðavatnsbæinn í Heiðmörk. Þar hafa nýir starfsmenn komið sér vel fyrir í vinalegu umhverfi og vinna nú að stefnumörkun félagsins.

***Það var létt yfir starfsfólki Skógræktarfélags Reykjavíkur, sem var í óða önn að flytja aðalbækistöð félagsins að Elliðavatni, þegar ljósmyndara Laufblaðsins bar að garði á sólríkum góudegi. Frá vinstri Einar Óskarsson og Gunnar Kristjánsson skógarmenn, þá Ólafur Erling Ólafsson (Óli finnski) skógarvörður, Herdís Friðriksdóttir kynningar- og fræðslustjóri og Helgi Gíslason framkvæmdastjóri. Elliðavatnsbærinn, nýtt aðsetur félagsins, í baksýn.***

## Sérhæfing í rekstri og uppbyggingu útivistar- og fræðsluskóga

Í nýrri framkvæmdaáætlun félagsins er ráðgert að auka mjög gróðursetningu í Heiðmörk, stórauka grisjun í Vífilstaðahlíð, fjölga göngustígum og efla fræðsludagskrá sumarsins til muna. Markmið félagsins er að auka þjónustu við félagsmenn, meðal annars með því að auka við útivistarsvæði í Heiðmörk. Ef marka má kröftuga byrjun nýrra starfsmanna má ætla að það muni ganga eftir.

Laufblaðið og skógræktarfélögin óska Skógræktarfélagi Reykjavíkur og starfsfólki þess gæfu og gengis.

SPARISJÓÐURINN
GARÐMENN ...gerum garðinn frægan!
GOLDFINGER
PRENTSMIÐJAN VIÐEY ehf.
PRICEWATERHOUSECOOPERS

# Er hún Grýla gamla dauð?

Sitkalúsin hefur verið mikið í umræðunni vegna faraldra sem gengu yfir á síðasta ári. Heyrst hafa raddir um að rétt væri að fara hægar í gróðursetningu greniplantna.

Laufblöðungur sló á þráðinn til Guðmundar Halldórssonar skordýrafræðings, sem rannsakað hefur sitkalúsina manna mest hér á landi og spurði hann álits.

*Frostið bítur lítið á Guðmund.*

***- Hvaðan og hvenær kom sitkalúsin til Íslands?***

Sitkalús er upprunnin í Evrópu. Hún fannst fyrst haustið 1959 og hefur líklega borist hingað með jólatrjám. Hún hefur breiðst hratt út og hana er nú að finna í öllum landshlutum.

***- Hvað með tíðni faraldra og hvað veldur þeim?***

Hér hafa orðið sjö stórir sitkalúsarfaraldrar og nokkrir staðbundnir. Sitkalúsarfaraldrar koma aðeins upp eftir milda vetur. Í öðrum löndum eru þessir faraldrar að vorinu og fyrri hluta sumars en hér hafa þeir aðeins verið að haustinu. Vorið 2003 var þó óvenjulegt. Þá kom upp faraldur um vestanvert landið vegna óvenju hlýs veturs og síðan var haustfaraldur á nokkrum stöðum á landinu.

***- Er þetta hlýja veðurfar komið til þess að vera?***

Samkvæmt skýrslum frá Veðurstofunni þá má reikna með að veður fari hlýnandi á næstu árum svo að allt bendir til þess að sitkalúsafaraldrar verði tíðari hér og fleiri vorfaraldrar.

***- Hvernig eru horfurnar í ár?***

Í vetur hafa verið frostakaflar sem hafa farið yfir 13°c og lúsin er lengi að ná sér eftir slíka kafla. Aðeins yngsta lúsin lifir af og stofninn er því mjög smár. Því þarf vart að reikna með sitkalúsafaröldrum þetta árið.

***-Hvað ráðleggur þú ræktendum?***

Það er engin ástæða til þess að rjúka upp til handa og fóta. Vandamálið er einkum fagurfræðilegt og snýr fyrst og fremst að garðeigendum. Trén sem verða verst úti, jafna sig flest á nokkrum árum. Við getum tekið dæmi frá Írlandi. Þar eru tíðir sitkalúsafaraldrar en grenið vex eins og skrattinn. Sitkalúsin leggst ákaflega misjafnlega á einstaklinga innan sömu tegundar. Hægt er að taka tillit til þess í grisjun og draga þannig úr áhrifum hennar á viðarvöxt. Ekki borgar sig að beita eiturefnum gegn sitkalús í skógrækt en má íhuga það þar sem stök tré í görðum eiga í hlut. Betra er þó að fara sér hægt í þeim sökum því eiturefni auka sveiflur í skordýralífi. Þá má nefna að með hlýnandi veðurfari koma fleiri dýr sem halda sitkalúsinni niðri, sbr. glókollur. En nú sem fyrr er fjölbreytni tegunda í skóg- og trjárækt farsælust til lengri tíma litið.

***-Er hún Grýla gamla dauð?***

Alla vega er hún voðalega lasburða kerlingargreyið!

***Sitkalúsin er ósköp meinleysisleg að sjá. Hluti úr ljósmynd Odds Sigurðssonar.***


BYKO

HÉRAÐSSKÓGAR

GARÐYRKJUSKÓLINN REYKJUM

GÆÐAMOLD
Í GARÐINN

Grjóthreinsuð mold, blönduð áburði, skeljakalki og sandi. Þú sækir eða við sendum. Afgreiðsla á gömlu sorphaugunum í Gufunesi.

GÆÐAMOLD
MOLDARBLANDAN – GÆÐAMOLD HF.
Pöntunarsími 567 4988

Snöggtum betri kraftur...
KOMATSU
ZENOAH

59.500-
CHT2300A
5.3 kg 1,2 ha

53.500-
G415AVS
4.4 kg 2ha

STIGA
Vetrarsól ehf • Askalind 4 • Kópavogur • Sími: 564 1864

*Vífilstaðahlíð í Heiðmörk.*

Vetur konungur hefur sýnt það og sannað að hann er ekki dauður úr öllum æðum.

Það sem af er vetri hefur gaddur ríkt á landinu svo dögum skiptir. Snjókoma og ófærð hafa minnt okkur hressilega á hvar við búum. Trjágróður tekur þessum sviptingum misjafnlega en algengustu trjátegundirnar, sem hér eru í ræktun, þola bæði miklar frosthörkur og snjóþyngsli. Það er þó staðreynd að margt í veðurfari og öfgum þess, ekki síst að vetri til, getur orðið trjágróðri hættulegt. Snjóbrot er ekki óalgengt, sérstaklega þegar snjórinn er blautur og þungur. Verða þá eldri tré sérstaklega illa úti. Algengt er að snjófannir, sem verða til í skógarköntum, skafi af greinar og jafnvel brjóti heilu trén, þegar snjófargið hjaðnar í leysingum. Skafrenningur getur einnig verið ungplöntum skeinuhættur. Á eldri trjáplöntum sjást oft merki um svörfun barkarlagsins áveðursmegin ofan snjólínu. Þegar plönturnar stálpast verður barkarlagið þykkara og efnismeira og minni hætta á að illa fari.

Eitt veðurfyrirbæri hér á landi, sem löngum hefur verið vanmetið, er saltákoma. Ofgnótt salts í úrkomu getur leitt til eituráhrifa og skemmt vef og frumur í trjágróðri. Þetta hefur sérstaklega verið áberandi eftir öflugar suð - vestan og vestanáttir. Ef þurrir vindasamir og sólríkir dagar fylgja í kjölfarið er hætt á að barr sviðni, brum og ungir sprotar þorni upp.

Það er því ærið margt sem getur herjað á tjágróður. Þrátt fyrir stöðuga baráttu við náttúröflin eru hæstu tré á Íslandi orðin hátt í 22 metrar á hæð, eitthvað sem engan hefði grunað fyrir fáum áratugum.

En þrátt fyrir allt, sem trén eiga við að glíma, er skógur í vetrarbúning eitt fallegasta náttúrufyrirbrigði sem hægt er að upplifa hér á landi. Tilbrigðin í samleik snævar og trjáa eru óendanleg.

HÓLASKÓLI HÓLUM Í HJALTADAL

KÓPAVOGUR

# Eyjólfsstaðaskógur

*Reynir Stefánsson í Mjóanesi í Skógum hefir rutt alla skógarvegina frá 1998. Hann er afburða ýtumaður, sem rýfur ekki upp nema hið minnsta nauðsynlegasta af sverðinum. Getur jafnvel farið gegnum greniskóg eins og sést á myndinni, án þess að skemma rætur á trjánum í kring að nokkru ráði.*

*Tveir bændur af Héraði, Friðjón Þórarinsson á Flúðum og Helgi Bragason á Setbergi, sáu um að malbera vegina. Þeir voru með tvo sturtuvagna og einn traktor með moksturstæki. Þessi útgerði reyndist afburðavel.*

## – Átak í vegagerð –

Skógræktarfélag Austurlands á Eyjólfsstaðaskóg á Fljótsdalshéraði. Skógurinn þekur 130 ha í hlíðinni ofan við Austur-Velli.

Á tímabilinu 1951-1975 var gróðursett í skóginn dálítið af grenitegundum, sem nú eru orðnir hinir myndarlegustu teigar, enda frábær vaxtarskilyrði fyrir greni þarna í hlíðinni. Einnig eru mjög góð skilyrði fyrir birki, en mest af því er nú mjög kræklótt og bælt af snjóþyngslum. Og líka afleiðing af illri meðferð á fyrri tímum. Frá 1980 hefir dálítið verið gróðursett af greni- og furutegundum aðallega til jólatrjáa.

Fram til 1986 voru engir vegir í skóginum, en það ár var lagður 1,2 km vegur upp í gegnum skóginn og brúuð Kaldá, sem rennur niður í gegnum skóginn, talvert vatnsfall. Árin 1998 til 2003 var svo haldið áfram vegagerð og lagðir 4,4 km af vegum, sem færir eru fjórhjóladrifnum bílum.

Síðastliðið sumar voru nokkrir kaflar af vegunum malbornir. Að vísu þunnu lagi, en nógu til að gera þá betur bílfæra og betri gangandi fólki. Fyrirhugað er að kurlbera aðra hluta veganna, svo að þeir verði enn notalegri til gangs.

30 sumarhús eru í hluta skógarins, sem Alþýðusamband Austurlands keypti um 1970. Skógræktarfélagið sjálft hefir leigt 13 sumarhúsalóðir, og á næstu jörð eru um 20 sumarhús. Þannig koma gestir úr rúmlega 60 sumarhúsum í skóg skógræktarfélagsins, sem er orðinn vel greiðfær gangandi fólki eftir góðum vegum, 5,6 km löngum.

*Texti og myndir: Sigurður Blöndal.*

*Blágresisbrekka rétt hjá Blöndalsbúð. Þarna var í fyrravetur grisjaður bældur og kræklaður kjarrskógur. Aðeins strjál tré voru nægilega vöxtuleg til að verða sett á. Ein slík þyrping er á myndinni.*

*Blöndalsbúð í Eyjólfsstaðaskógi þjónar margskonar tilgangi; Er félagsheimili, hvíldarhús allra, sem vinna í skóginum og er leigt út lengst af sumri og eftir óskum á öðrum árstímum, þegar það rekst ekki á við vinnu í skóginum.*

## Starfsmaður S.Í. í námsleyfi

Jón Geir, skógfræðingur hjá SÍ, er í námsleyfi. Hann fór til Noregs í nám við Landbúnaðarháskólann á Ási í nýtingu og stjórnun náttúruauðlinda (natural resource management). Þetta er alþjóðlegt nám, með tengingu við aðstæður í þróunarríkjum. Hann mun koma aftur til starfa í maí, en fara síðan í haust til Afríku og vinna þar 3. mánaða rannsóknaverkefni varðandi skógeyðingu, væntanlega í Úganda.

Þeir sem vilja fræðast nánar um námið geta heimsótt heimasíðu Landbúnaðarháskólans á Ási: http://www.nlh.no/noragric/

Jón Geir saknar auðvitað starfsbræðra- og systra á Íslandi og vill gjarnan vera í sambandi við þau. Hann er með netfangið jgp@skog.is.

*Feðginin, Jón Geir Pétursson og Ólöf Helga Jónsdóttir, orna sér við eldinn að norskum sið.*

# Hvað komast mörg tré inn í einn Toyota Yaris?

**Ef þig langar að finna út úr því þá erum við hjá Kraftvélaleigunni tilbúnir að hjálpa þér. Eigum margskonar verkfæri sem eru hentug fyrir grisjun trjáa.**

## *Trjákurlari*

***Kurlar niður 30 cm þykka stofna***

**NÝTT!**

- Smágröfur
- Smáskóflur
- Beltagröfur
- Hjólagröfur
- Traktorsgröfur
- Skotbómulyftarar
- Jarðvegsfæribönd
- Beltavagnar
- Bómulyftur m/dráttarbeisli
- Skæralyftur
- Ljósaturnar
- Hekkklippur
- Keðjusagir
- Kurlarar
- Rafmagnsorf
- Bensínorf
- Stauraborar
- Laufblásarar
- Mosatætarar
- Flutningabíll með krana

Einnig býður Kraftvélaleigan upp á flest þau tæki sem létt geta mönnum störfin, hvort heldur er við snyrtingu lóða, jarðvegsframkvæmdir, viðgerðir eða málningarvinnu.

Leigjum aðeins út tæki í fyrsta flokks ástandi, tæki sem eru afkastamikil og auðveld í stjórnun.

**Opið um helgar í sumar!**

**KRAFTVÉLALEIGAN**

Dalvegi 6-8 · Kópavogi · Sími 535 3515 · www.kraftvelar.is

**Leigumarkaður garðyrkjumannsins**